

# Aðalskipulag Kaldrananeshrepps 2010-2030 og deiliskipulag í landi Hvamms.



Frístunda- og ferðaþjónustusvæði, eitt íbúðarhús  
og breytingar á texta úr greinargerð aðalskipulags.

Lýsing á skipulagsáætlun

Hreppsnefnd Kaldrananeshrepps  
Teiknistofa Benedikts Björnssonar

15. október 2020


# Lýsing skipulagsverkefnis

## Heiti verkefnis

Breyting á Aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010-2030 og deiliskipulag í landi Hvamms.

Nýtt frístunda- og ferðaþjónustusvæði og stakt íbúðarhús ásamt breytingum á texta greinargerðar.

## Skipulagssvæði



Svæði fyrir frístundabyggð (FS12) og ferðaþjónustusvæði (VP5) í landi Hvamms. Um er að ræða skipulagssvæði nyrst á jörðinni við Bjarnarfjarðará, í námundan við fyrra brúarstæði.

## Aðdragandi og tilgangur skipulagsgerðar

Fram hefur komið ósk hjá landeiganda jarðarinnar Hvamms um að breyta landnóttun. Um er að ræða landsspildur, sem samtals eru um 9,5 ha að stærð, sem skilgreindar hafa verið landbúnaðarsvæði. Svæðin verði þá skilgreind frístundabyggð og svæði fyrir ferðaþjónustu. Um er að ræða fimm frístundahús, á sér skilgreindum lóðum og sex hús fyrir ferðaþjónustu, á einni lóð. Auk þessa er gert ráð fyrir lóð fyrir íbúðarhús. Gert er ráð fyrir að hámarksbyggingarmagn á íbúðarhúsalóð geti orðið allt að 200 fermetrar. Þessi svæði munu tengjast Drangnesvegi nr. 645 á þremur stöðum, sem þegar hafa verið samþykkt.

Kalt vatn verður sótt í uppsprettu austanvert á jörðinni, rétt við landamerki Hvamms og Pöntunar. Heitt vatn fæst í borholu innan svæðisins. Lagnir verði þannig að jarðrask verði lítið þ.e. meðfram vegum. Trjáplöntum verði umtalsverð, þ.e. bændaskógrækt. Gert er ráð fyrir rotþróm og siturlögnum fyrir húsini.

Fyrir eru á jörðinni tvö frístundahús; í notkun, ásamt íbúðarhúsi. Þarna er landhali mjög lítill, eða fáeinir metrar á milli hæsta og lægsta punkts.

Þessi svæði eru gömul heimatún og nágrenni þeirra.

Hefðbundinn búrekstur hefur að mestu lagst af í þessum hluta Kaldrananeshrepps nema á jörðinni Odda (orðinn lítill) og á hluta jarðarinnar Kaldrananess.

Samkvæmt aðalskipulagi sveitarfélagsins var upphaflega gert ráð fyrir 10 svæðum fyrir frístundabyggð og m.br. hefur eitt svæði bæst við. Þessi svæði

	<p>eru mjög misstór, allt frá því að vera einn hektari upp í ca 22 ha. Sex þessarar svæða eru í Bjarnarfirði. Þetta nýja svæði verður skilgreint sem (FS12).</p> <p>Ferðaþjónustusvæðið er skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði (VP8). Slík svæði er að finna bæði innan og utan þéttbýlis í Kaldrananeshreppi. Vægi ferðaþjónustu hefur farið mjög vaxandi í sveitarfélaginu á síðustu árum og í Aðalskipulagi Kaldrananeshrepps er rík áhersla lögð á þessa atvinnugrein.</p>
<b>Viðfangsefni og markmið</b>	<p><b>Í Samantekt umhverfisskýrslu</b> með aðalskipulaginu segir m.a. „Eins og fram kemur víðar í tillögu að aðalskipulagi sveitarfélagsins lá það fyrir í upphafi að ekki væri gert ráð fyrir umtalsverðum umhverfisbreytingum, utan þéttbýlis á Drangnesi.“ Síðar segir: „Auk þessa var gert ráð fyrir vissri uppbyggingu frístundahúsa á skilgreindum svæðum fyrir frístundabyggð. Þetta er á tíu stöðum, sem eru mjög mismunandi stór. Að nokkru leyti er þetta einnig staðfesting á þegar byggðum svæðum.“</p> <p>Áður hefur eitt svæði fyrir frístundabyggð bæst við, þ.e. í landi Kaldrananess. Þessi breyting, að eitt frístundasvæði (FS12) bætist nú við þau ellefu sem fyrir eru fellur vel innan þess ramma sem staðfestur var með Aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010-2030.</p> <p><b>Úr greinargerð</b> „Heimilt verður, þar sem aðstæður leyfa, að nýta áður nefndar byggingar (útihús á bújörðum) til ferðaþjónustu, s.s. sem gistiheimili eða til veitingareksturs, svo fremi sem heildarstærð þeirra fari ekki yfir 150 m<sup>2</sup>. Umfangsmeiri rekstur sem krefst stærri bygginga verður einungis heimilaður á svæðum sem skilgreind eru fyrir verslun og þjónustu í aðalskipulagi.“</p> <p>Verslunar-/þjónustusvæði (VP) eru sjö talsins í Kaldrananeshreppi, auk eins svæðis með blandaðri landnotkun samkvæmt skipulagstillögunni, þrjú í þéttbýli og fjögur í dreifbýli. Öll þessi svæði sem eru utan þéttbýlis, auk þess sem gert er ráð fyrir í tillögu þessarri, starfa við ferðaþjónustu.</p> <p>Auk þessa hafa verið gerðar þrjár breytingar á texta greinargerðar Aðalskipulags Kaldrananeshrepps 2010-2030 sem lúta allar að samgöngumálum og vegagerð. Þessar breytingar eru einungis aðlögun í texta og leiða ekki af sér breytingar á uppdrætti.</p>
<b>Umhverfi og staðhættir</b>	<p>Frístunda- og ferðaþjónustusvæðin eru á fyrrum landbúnaðarsvæði og eru aðstæður til mannvirkjagerðar þarna nokkuð góðar. Svæðið er á afgangi ræktuðu landi og nágrenni, þar sem unnið hefur verið að trjáplöntun undanfarin ár.</p> <p>Fornminjar hafa verið skrásettar í sveitarfélaginu.</p>
<b>Helstu forsendur í gildandi aðalskipulagi</b>	<p>Í Aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010-2030 var gert ráð fyrir tíu frístundasvæðum, sem nú verða, með breytingum, orðnar tólf. Markmið sveitarstjórnar er að frístundahús byggist frekar á tilteknum svæðum heldur en að þau dreifist sem stakstæðar einingar.</p>
<b>Tengsl við aðrar áætlanir</b>	<p>Skipulagsverkefni tengjast ekki öðrum skipulagsáætlunum í sveitarfélaginu.</p> <p>Samræmi þarf að vera í þessarari skipulagsbreytingu og hinni almennu stefnu er varðar uppbyggingu frístunda- og ferðaþjónustusvæða í heild. Textabreytingar í greinargerð valda ekki efnisbreytingum.</p> <p>Velferð til framtíðar er grundvallaratriði: (a)aukin nýting endurnýjanlegra orkugjafa, (b)takmörkun loftslagsbreytinga af mannavöldum.</p>

<p><b>Umhverfismat</b></p>	<p>Skipulagsverkefnið er ekki talið vera háð lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem í breytingunni felast ekki framkvæmdir sem eru háðar lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Áhrif aðalskipulagsbreytingarinnar á umhverfi og samfélag hafa verið metin eftir því sem við á og verkefnið gefur tilefni til.</p>
<p><b>Skipulagsferlið</b></p>	<p>Ferli verkefnisins verður eftirfarandi eftir að skipulags og byggingarnefnd og sveitarstjórn hafa samþykkt þessa lýsingu:</p> <p><b>A. KYNNING LÝSINGAR</b></p> <p>i. Lýsingin er send til umsagnar Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar, Orkubús Vestfjarða, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Vegagerðarinnar, Minjastofnunar Íslands, Sveitarfélaganna Strandabyggðar og Árneshrepps.</p> <p>Umsagnarfrestur er 2 vikur. Lýsingin verður auglýst með því að senda hana inn á öll heimili í sveitarfélaginu, einnig verði hún látin hanga uppi í Verslunarfélaginu á Drangnesi. Ábendingar og athugasemdir skulu berast oddvita innan þessa frests. Höfð mun hlíðsjón af ábendingum og umsögnum sem berast en þeim verður ekki svarað með formlegum hætti.</p> <p><b>B. KYNNING AÐALSKIPULGSTILLÖGU</b></p> <p>ii. Tillaga að breytingu sem verður til sýnis á skrifstofu Kaldrananeshrepps á <i>heimasíðunni: www.drangnes.is</i> verður auglýst með áberandi hætti og send ofangreindum umsagnaraðilum til umsagnar og óskað eftir afgreiðslu innan 2 vikna.</p> <p><b>C. ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR</b></p> <p>iii. Tillaga að breytingu ásamt tillögu að viðbrögðum við umsögnum er afgreidd í skipulags- og byggingarnefnd og sveitarstjórn og síðan send Skipulagsstofnun til athugunar sem hefur 4 vikur til umsagnar.</p> <p>iv. Ef Skipulagsstofnun gerir athugasemdir er tillagan tekin fyrir að nýju í skipulags og byggingarnefnd og sveitarstjórn og hún lagfærð eftir því sem tilefni er til.</p> <p><b>D. AUGLÝSING TILLÖGU</b></p> <p>v. Tillagan er auglýst í Lögbirtingablaði, á netinu og með öðrum áberandi hætti. Kynningartími og athugasemdafrestur er að lágmarki 6 vikur frá upphafi kynningar.</p> <p><b>E. AFGREIÐSLA TILLÖGU</b></p> <p>vi. Að afloknum athugasemdafresti er tillagan tekin til umfjöllunar í skipulags- og byggingarnefnd og síðan sveitarstjórn. Afstaða er tekin til athugasemda og hugsanlegra breytinga. Umsögn um athugasemdir er send þeim sem þær gerðu. Niðurstaða sveitarstjórnar er auglýst.</p> <p>vii. Samþykkt tillaga er send Skipulagsstofnun innan 12 vikna frá lokum athugasemdafrests.</p> <p>viii. Skipulagsstofnun staðfestir tillögu innan 4 vikna frá því að tillagan berst og birtir staðfestingu í B-deild Stjórnartíðinda.</p>

	<p><b>Kynning og samráð.</b></p> <p>Með gerð lýsingar þessarar er óskað samráðs við Skipulagsstofnun um áherslur og umfang áhrifa matsáætlunarinnar. Skipulagsstofnun mun því í samræmi við ákvæði laga leggja mat á lýsingu þessa og veita ráð um verklag og vinnu við gerð skipulagsins.</p> <p>Lýsing skipulagsáætlunarinnar verður auglýst og kynnt í október 2020 og send umsagnaraðilum.</p> <p><b>Tímaáætlun.</b></p> <p>Stefnt er að auglýsingu aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulagið í október 2020. Athugasemdafrestur vegna nýs frístunda- og ferðaþjónustusvæðis og nokkuð breytts texta í greinargerð verður 6 vikur.</p> <p><b>Niðurstaða.</b></p> <p>Eftir að þessi lýsing á áformaðri aðalskipulagsbreytinu og deiliskipulagi hefur verið kynnt er miðað við að frístunda- og ferðaþjónustusvæði og breytingar á texta greinargerðar verði meðhöndluð í samræmi við 31. gr. skipulagslaga 123/2010.</p>
--	---

F.H. hreppsnefndar, Finnur Ólafsson, oddviti Kaldrananeshrepps.

*Forsíðumyndin sýnir svæðið í Hvammi í Bjarnarfirði.*

### Umsagnaraðilar:

Skipulagsstofnun	skipulag@skipulag.is
Umhverfisstofnun	ust@ust.is
Orkubú Vestfjarða	ov.is
Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða	hevf.is
Vegagerðin	vegagerdin@vegagerdin.is
Minjastofnun Íslands	postur@minjastofnun.is
Sveitarfélagið Strandabyggð	strandabyggd@strandabyggd.is
Árneshreppur	arneshreppur@arneshreppur.is